

48. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í Vík miðvikudaginn 16.10. 2019 kl. 10

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Eva Björk Harðardóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Björg Árnadóttir boðaði forföll en varamaður hennar Æsa Guðrúnardóttir sat fundinn hennar stað. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir. Þá sat Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri SASS fundinn undir liðnum stefnumótun.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

- **Fundargerð 47. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs**

Fundargerðin staðfest með undirritun.

- **Stefnumótun**

Þórður Freyr Sigurðsson kynnti ýmis álitamál varðandi það hvernig standa mætti að stefnumótun fyrir jarðvanginn. Fundarmenn skiptust á skoðunum í því sambandi. Berglind kynnti síðan viðræður við Expectus varðandi mögulega aðkomu að stefnumótuninni. Fundarmenn sammála um nauðsyn þess að fara í stefnumótunavinnu. Þórður mun gera minnisblað um málið og stjórnin taka ákvörðun í framhaldi af því.

- **Starfsmannamál**

Farið yfir stöðu starfsmannamála hjá jarðvanginum.

- **Þorvaldseyri**

Berglind greindi frá aðsókn að gestastofunni. Breytileg eftir tímabilum. Gerð tilraun með að hafa opið tvær helga, mikil aðsókn á laugardögum. Mest aðsókn milli kl. 10-16. Vörusala fyrir um 4,6 mkr (júní-okt); aðallega jarðfræðibækur og smáhlutir/handverk. Miðað við áætlun í apríl eru bæði tekjur og útgjöld lægri en nettótalán svipuð. Samþykkt að leggja til við sveitarfélögin að halda áfram rekstrinum á Þorvaldseyri en taka upp gjaldtöku upp á 500 kr á mann sem tæki til sýningar og WC.

- **Rekstraráætlun í vinnslu**

Berglind fylgdi málinu úr hlaði og lagði drög fram til kynningar.

- **Önnur mál**

Berglind greindi frá því að í næsta mánuði verði starfsmaður jarðvangsins með kennslu í valáfanga í Hvolsskóla.

Ný varúðarskilti eru til reiðu hjá jarðvanginum varðandi hrúnhættu og fallhættu.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 12:51

Anton Kári Halldórsson  
Eva Björk Harðardóttir  
Æsa Guðrúnardóttir  
Þorbjörg Gísladóttir

Berglind Sigmundsdóttir  
Sigurður Sigursveinsson